**Nd. 639. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árið 1932.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1932, eru veittar samkv. 2.—8. gr. hér á eftir kr. 74987,44.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Viðbót við skrifstofufé bæjarfógetans á Seyðisfirði | kr. | 3500,00 | |
| 2. | Fyrir endurskoðun skipamælinga | — | 400,00 | |
| | | | kr. | 3900,00 |

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Bygging landsspítala | kr. | 5033,65 | |
| 2. | Eftirlit með sjúkrahúsum ríkisins | — | 2070,45 | |
| | | | — | 7104,10 |

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Eftirstöðvar af byggingarkostnaði á Höskuldsstöðum | kr. | 342,95 | |
| 2. | Undirbúningur kirkjugarðs í Reykjavík | — | 2703,50 | |
| 3. | Aðgerðir húsa á Eiðum 1928 | — | 2000,00 | |
| 4. | Finnbogi R. Magnússon: Styrkur til þjóðréttarnáms | — | 750,00 | |
| | | | — | 5796,45 |

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Hafrannsóknir, sjókortagerð og mælingar | kr. | 10714,42 | |
| 2. | Grjótrannsóknir | — | 2215,61 | |
| 3. | Sjóvarnargarður á Siglufirði | — | 401,94 | |
| | | | — | 13331,97 |

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Síra Einar Pálsson: Eftirlaunastyrkur | kr. | 953,16 | |
| 2. | Frú Álfheiður Blöndal, ekkja Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns | — | 469,01 | |
| | | | — | 1422,17 |

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Aðgerð á húsinu Bankastræti 2 | — | 1500,00 |

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 20. gr. er veitt:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Reykjahælið: Byggingar og viðbætur | kr. | 32137,44 | |
| 2. | Útvarpið: Stofnkostnaður | — | 9795,31 | |
| | | | — | 41932,75 |

Samtals kr. 74987,44

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um 2. gr.

1. Bæjarfógetinn á Seyðisfirði hafði til meðferðar árin 1931 og 1932 mörg og umfangsmikil þrotabú. Skrifstofufé embættisins nægði ekki til að greiða þann aukna kostnað, sem þessu var samfara, og hefir því þessi uppbót verið greidd.

Um 3. gr.

2. Jónas Lárusson bryti var fenginn til að líta eftir og koma samræmi á matarhæfi á sjúkrahúsum ríkisins, og nam kostnaður við það þessari upphæð.

Um 4. gr.

2. Þetta er lokagreiðsla eftir samningi.

3. Af kostnaði við aðgerð á íbúðarhúsinu á Eiðum árið 1928 var ógreitt til kaupfélags Héraðsbúa, Reyðarfirði, kr. 2000,00, og hefir þessi upphæð nú verið greidd.

Um 5. gr.

1. Friðrik Ólafsson skipstjóri vann að sjókortagerð eftir mælingum þeim, sem gerðar hafa verið undanfarin ár, og nam kaup hans og annar kostnaður þessari upphæð. Fjárveiting til þessara framkvæmda er tekin upp í fjárlagafrumvarp fyrir 1934.

2. Sýnishorn af grjóti voru send til Þýzkalands til rannsóknar, og nam kostnaðurinn þessari upphæð.